

KJARVAL

40% afsláttur

1679 KR. KG.
Móa kjúklingabringur

30% afsláttur

898 KR. KG.
Nautahakk

398 KR. PK.
Grillborgarar með brauði 4stk

398 KR. KG.
Góða súpukjöt

399 KR. PK.
Naggalína sælkera-
eða kjötbollur

20% afsláttur

309 KR. PK.
Kelloggs Special R

199 KR. STIK.
Ajax uppvottalögur

3 FYRIR 2

10% afsláttur

329 KR. KG.
Paprika - gul,
græn eða rauð

169 KR. PK.
Grand Italia
pasta, 2 teg.

269 KR. STIK.
Grand Italia
pastasósa, 2 teg.

Líf 100% ávaxtasafi 1 l

LGG+ Vanillujógúrt

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Viðskiptavinir ath

Breyting á opnunartíma
frá og með mánud. 10. mars 2008:

Mánud - föstud: kl. 11-18

Laugard: kl. 11-13

Kjarval Vík

Félag Eldri Borgara í Skaftárhreppi

Boðar til fundar á Hótel Kirkjubæjarklaustri
föstudaginn 7. mars kl. 13:30

Á fundinn mæta formaður landssambands
aldraðra, Helgi Hjálmsón
og framkvæmdastjóri, Borgþór Kjærnested
Stjórnin

Kökubasar -

Kvenfélag Dyrhólahrepps verður með
sinn árlega KÖKUBASAR
föstudaginn 14. mars í Leikskálum

kl. 13:00-15:30

nánar auglýst í næsta Vita
Félagskonur í Kvenfélagi
Dyrhólahrepps

Til sölu

Nokkrar kelfdar kvígur til sölu.
Uppl. í síma 659 8811.

www.sko.barnaland.is

VITINN á www.sudurland.net

10. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 5. MARS 2008

SMÁAUGLÝSINGAR

Minnum á aðalfund UMF Drangs



í Leikskálum,
laugardaginn 8. mars 2008, kl. 15:00

Fjölmennum

Stjórn UMF Drangs

Minnum á Deildarfund Sláturfélags Suðurlands

Sameiginlegur deildarfundur allra deilda Sláturfélags
Suðurlands í Skaftárhreppi verður haldinn
á Hótelinu á Klaustri

miðvikudaginn 5. mars 2008 og hefst kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg deildarfundarstörf
2. Ávarp stjórnarformanns Jónasar Jónssonar
3. Skýrsla forstjóra Steinþórs Skúlasonar
4. Umræður.

Veitingar í boði S.S.

Vonumst til að sem flestir sjái sér fært að mæta.

Deildarstjórnar.

Aðalfundur umf Dyrhólaeyjar

verður haldinn að Ketilsstöðum,
fimmtud. 13 mars. kl. 20,00.

Venjuleg aðalfundarstörf

Sameining Dyrhólaeyjar og Drangs.

Fjölmennum á fund
Stjórnin

Einstakt tækifæri

sem engin má missa af!

Solla í Himneskri hollustu, matarhönnuður og frumkvöðull í heilsumatargerð á Íslandi, ætlar að koma til okkar og halda grænmetisnámskeið í Vík, **þriðjudaginn 25. mars n.k. kl 17:30** (strax eftir páskasukkið:).

Á þessu námskeiði kennir hún ykkur að útbúa einfalda og fljótlega, holla og bragðgóða grænmetis og baunarétti ásamt himneskum eftirréttum.

Athugið að allir þessir réttir passa vel með kjöti og fiski en standa líka einir og sér sem hin fullkomna grænmetismáltíð.

Formið á námskeiðinu er fræðsla og sýnikennsla.

Hún kennir m.a.:

- *skynsamlega leið til að breyta mataræðinu- heilsusamlegar eldunar- aðferðir*
- *grunninn að gómsætu, fljótlegu og hollu og mataræði*
- *allt um baunir og korn (leggja í bleyti og sjóða)*
- *meðhöndlun og notkun á grænmeti og ávöxtum*
- *sykurlausa eftirrétti*

Væn uppskriftamappa ásamt fullri máltíð fylgir.

Ef næg þáttaka fæst fáum við námskeiðið á sama verði og í Rvk. 5000,- kr. Mýrdalshreppur ætlar að styrkja aukna hollustu í sveitarfélaginu, í sambandi við þróunarverkefni Lýðheilsustöðvar, "Allt hefur áhrif einkum við sjálf" og lána okkur Leikskála endurgjaldslaut:

**Svo nú er bara að hringja í mig og bóka sig sem fyrst,
svo ég geti staðfest við Söllu.:**

Ekki láta þetta einstaka tækifæri framhjá ykkur fara!!!

Hlakka til að heyra í ykkur:

XOXO

Unnur

s. 486-1600 & 896-8884

Af gefnu tilefni!

Nýlega barst undirrituðum í hendur gamalt tölublað Vitans nánar tilgr. 5.tbl útg. 30. janúar s.l.

Við yfirlestur vakti athygli mína sérkennileg tilkynning frá skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps varðandi meint réttindi nafngreinds einstaklings til að standa fyrir byggingarframkvæmdum á svæði hans.

Ekki eru mér kunnugar ástæður þess að tilkynningin er birt opinberlega, en úr því að skipulags- og byggingarfulltrúinn fann hjá sér þörf til þess, hefði hann þurft að vanda betur til og greina rétt frá um skilyrði sem byggingameistarar og/eða byggingastjórar þurfa að uppfylla til að mega bera ábyrgð á framkvæmdum jafnt á hans svæði sem annarsstaðar.

Í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sem tóku gildi 1. janúar 1998, segir svo í 52. gr.2. mgr.:

"Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir sem hlotið hafa til þess leyfi ráðherra.

Iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k samþæfilega menntun á hlutaðeigandi sviði, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni"

Meistarabréf eitt og sér nægir því ekki til að iðnmeistari geti borið ábyrgð á verkum ef viðkomandi hefur ekki lokið prófi frá meistaraskóla.

Í 5. tl. Ákvæðis til bráðabirgða í sömu lögum segir svo: *"Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á eldri viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingastjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna"*

Staðbundnar viðurkenningar einstakra byggingarnefnda til handa iðnmeisturum varðandi ábyrgð á verkþáttum voru veittar skv eldri lagaheimildum, fram til þess að fyrrnefnd skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 tóku gildi.

Þeir sem höfðu öðlast slíkar viðurkenningar fyrir gildistöku laganna, héldu réttindum sínum en óheimilt var að gefa út nýjar viðurkenningar.

Byggingastjórar geta einungis orðið þeir iðnmeistarar sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 52. gr 2. mgr. sem áður er vitnað til, og hafa til þess tilskilið starfsleyfi sem gefið er út af Umhverfissráðuneytinu.

Á heimasíðu Umhverfissráðuneytisins er opin skrá yfir alla iðnmeistara sem hafa slíkt tilskilið starfsleyfi, en nafn umrædds húsasmíðameistara er hvergi þar að finna.

Að því best verður séð, er tilkynning byggingarfulltrúans í öllum meginatriðum ósönn og til þess fallin að villa um fyrir einhverjum.

Verra er þó, að ef tilvitnun hans í afgreiðslu byggingarnefndar Skaftárhrepps dags. 7. apríl 2000 er rétt, þá er nefndin einnig uppvís að því að hafa farið á svig við lög nr. 73/1997.

Þetta er í besta falli hæpin stjórnsýsla svo ekki sé meira sagt, og tilefni fyrir einhverja að íhuga stöðu sína eins og mikið er talað um þessa dagana.

Bjarni Jón Matthíasson



Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps

auglýsir íbúafund vegna skipulagsmála.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Aðalskipulag nær til alls lands innan staðarmarka sveitarfélagsins og er stefna sveitarstjórnar um:

- " Landnotkun og þróun byggðar
- " Samgöngur og veitur
- " Umhverfismál
- " Þéttleika byggðar og byggðamynstur
- " Takmarkanir á landnotkun

Í þeim tilgangi að gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kost á að koma á framfæri ábendingum í upphafi vinnunar er boðið til almenns íbúafundar.

Fundurinn verður haldinn

mánudagskvöldið 10. mars klukkan 20:00 á Hótel Klaustri.

Frá klukkan 18:00 til 20:00, **áður en** fundur hefst, gefst íbúum og hagsmunaaðilum, sem þess óska, tækifæri til að ræða einslega við skipulagsráðgjafa, skipulagsfulltúa, formann skipulags og byggingarnefndar og oddvita Skaftárhrepps vegna endurskoðunar Aðalskipulags Skaftárhrepps 2002-2014 í fremri salnum á Hótel Klaustri.

Klukkan 20:00 hefst síðan almennur íbúafundur vegna skipulagsmála í Skaftárhreppi.

Fyrsta mál á dagskrá er kynning á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps við Lakagíga og umhverfisskýrsla þeirrar tillögu.

Annað mál á dagskrá er að kynna þá vinnu sem framundan er og þær hugmyndir sem komnar eru vegna heildar endurskoðunar Aðalskipulags Skaftárhrepps 2002-2014.

Leitað verður eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annara hagsmunaaðila eins og jafnan er gert við upphaf skipulagsvinnunar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftárhrepps.

Skaftfellingamessa í Breiðholtskirkju

Messa þar sem allir kirkjukórar Vestur-Skaftafellssýslu, Skaftfellingakórinn í Reykjavík og kór Breiðholtskirkju annast söng, verður í Breiðholtskirkju **næsta sunnudag, 9. mars kl. 14:00.**

Allir Skaftfellingar hvattir til að mæta.
Kaffisala á eftir til styrktar Skaftfellingakórnum.
Haraldur M. Kristjánsson prófastur

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samveru Kirkjuskólans í Mýrdal **næsta laugardag.**
Sóknarprestur

Ályktun um merkingar við framkvæmdir

Umferðarráð hvetur veghaldara og verk-taka við framkvæmdir á götum, vegum og gangstígum fyrir almenna umferð í þétt-býli og dreifbýli til að tryggja að ýrtruðu merkingar og öryggisráðstafanir séu alltaf viðhafðar á framkvæmdasvæðum.

Því miður er alltof algengt að ekki sé farið að lögum og reglum um merkingar og um-ferðarstýringu á vegavinnusvæðum. Ábyrgð veghaldara og verktaka er mikil varðandi það að koma í veg fyrir slys á fólki og munatjón.

Nauðsynlegt er að góð umferðarmerki og skilti séu til staðar, sem gefa skýrt til kynna með góðum fyrirvara hvað er framundan og hvernig beri að aka. Tryggja skal örugga lýsingu og blikkandi aðvörunarljós eru mikilvæg.

Ávallt skal halda umferðarmerkjum og endurskini hreinu. Villandi yfirborðs-

merkingar ber að afmá og setja nýjar þar sem það á við. Leiðarsteina og vegrið þarf að setja niður til að aðgreina akstursstefnur og á akbrautarbrúnum til að draga úr slyshættu.

Nauðsynlegt er að endurskin sé á leiðarsteinum og vegriðum.

Tryggja þarf að vegfarendum og starfs-mönnum á framkvæmdasvæðum sé ekki hættu búin þar sem vegavinna fer fram eða ef vegi er raskað.

Mikilvægt er að reglur um merkingar vegavinnusvæða og eftirlit með framkvæmd þeirra verði skerptar hið allra fyrsta.

(Frekari upplýsingar veitir Kjartan Magnússon, formaður Umferðarráðs, sími 896-2605.)

“Ferð á Heimsenda”

Patagonia, Suður - Ameríku
31. okt. – 19. nóv. 2008

Einnig ýmsar aðrar skemmtilegar útivistarferðir til Ítalíu, Tékklands, Slóvaníu og Króatíu fyrir fólk á öllum aldri.



ÍSLANDSVINIR
ferðaskrifstofa

Reykjavíkurvegi 64 / 220 Hafnarfirði / Sími 5109500 / www.islandsvinir.is

Tónleikaröð Stórsveitar Suðurlands vor 2008

Stórsveit Suðurlands mun halda tónleika á Suðurlandi í mars og apríl sem hér segir:

9. mars kl. 16:00

9. mars kl. 20:30

13. mars kl. 21:00

28. mars kl. 21:00

Byrjun apríl (nánar auglýst síðar)

Félagsheimilið á Kirkjubæjarklaustri
Félagsheimilið Leikskálar í Vík í Mýrdal
Veitingahúsið Árhús, Hellu
Vestmannaeyjar
Selfoss, veitingastaðurinn Riverside.

Stórsveit Suðurlands er fullskipuð stórsveit (18 hljóðfæraleikarar) og var stofnuð árið 2006 og hélt þá tónleika á menn-ingarhátúðinni Vor í Árborg.

Sveitin er skipuð tónlistarfólki sem tengist Suðurlandi á einhvern hátt og hefur áhuga á stórsveitartónlist. Flestir eru búsettir og starfandi á svæðinu en einnig eru innanborðs nokkrir Sunnlendingar búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnandi er Vignir Þór Stefánsson og með sveitinni syngja þær Kristjana Stefánsdóttir og Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir djasssöngkonur báðar ættaðar frá Selfossi.

Aðgangseyrir kr. 1.000. Tónleikaröðin er styrkt af Menningarráði Suðurlands